



Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Regína Ásvaldsdóttir  
Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 4. júlí 2024.  
Málsnr. 1501007  
PBG/BS

### Efni: Fjölsmiðjan – endurnýjun þjónustusamnings

Á 580. fundi stjórnar SSH, hinn 1. júlí 2024, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

#### 1501007 - Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur

*Fyrirliggjandi er erindi og beiðni Fjölsmiðjunnar um aukin rekstrarframlög aðildarsveitarfélaganna þ.m.t vegna húsaleigu og endurnýjun á þjónustusamningi sem rennur út um áramótin 2024/2025.*

*Þá kemur fram í kynningu sem er meðfylgjandi erindinu rekstrarreikningur ársins 2023 og greiðsluflæði starfseminnar fyrir árið 2024.*

*Ellen J. Calmon, Heiða Kristín Harðardóttir, Sigurbjörg Fjölnisdóttir og Sturlaugur Sturlaugsson kynna.*

#### Niðurstaða fundar:

*Stjórn samþykkir að leggja til við aðildarsveitarfélögin að endurnýja þjónustusamning sinn við Fjölsmiðjuna til alls að fimm ára á grunni núverandi samnings og viðauka við hann.*

*Þá verði hlutfall aðildarsveitarfélaganna í húsaleigu Fjölsmiðjunnar áfram 40% en áætlað er að sú hækkun verði á ársgrundvelli frá 1. janúar 2025 um 8,8 millj. kr.*

*Sá fyrirvari er gerður að aðrir sem koma að rekstri Fjölsmiðjunnar geri slíkt hið sama.*

*Stjórn leggur til að ákvörðun um aukin bein rekstrarframlög verði frestað enda mikilvægt að stjórn Fjölsmiðjunnar eigi samtal við fulltrúa ríkisins um frekari aðkomu m.a. vegna nemenda með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn.*

*Þá er óskað eftir frekari gögnum frá stjórn Fjölsmiðjunnar er varðar samsetningu nemendahóps Fjölsmiðjunnar.*

*Skrifstofu SSH er falið að leggja ofangreint fyrir aðildarsveitarfélögin til umræðu og afgreiðslu og skal niðurstaða berast til SSH fyrir þann 26. júlí nk.*

Er samkvæmt framansögðu farið fram á að ofangreint verði tekið til umræðu á vettvangi sveitarfélagsins og að tillaga um endurnýjun þjónustusamnings, ásamt tillögu um óbreytt greiðsluhlutfall sveitarfélaganna vegna húsaleigukostnaðar starfseminnar verði teknar til afgreiðslu. Er þá farið fram á að SSH verði upplýst



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

um afdrif málsins á vettvangi sveitarfélagsins eigi síðar en **26. júlí nk.** Sé frekari upplýsinga eða kynninga óskað berist beiðnir þess efnis í netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllt,  
Fyrir hönd SSH

---

Páll Björgvin Guðmundsson  
frankvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

1. Minnispunktar fyrir bakhjarla Fjölsmiðjunnar 10. júní 2024.
2. Þjónustusamningur SSH og Fjölsmiðjunnar 2020 undirritaður.
3. Viðauki við þjónustusamning SSH og Fjölsmiðjunnar 23.05.2022 undirritaður.
4. SSH kynning 1. júlí 2024.